Jakob B. Bjarnason, Síðu

"Vorboðinn"

Blað U.m.f. Vorboðinn
VII. ár. 1. tbl. 1922

Ritstj. Páll Ármason. 1 bl. 18 Febr. 1922

1. Nýárs nótt.

Þó úti á Skaga skafi
og skelfi storma tal,
fer ylur aftansöngva
um aldinn Langadal
með tunglskin hátt í hlíðum
en húm í álfasal;
með tunglskin hátt í hlíðum
en húm í álfastofum
og hvítt af vöttum, vofum,
á varafölum snæ,
sem ríða geyst um gaddinn
að gömlum fentum bæ.

Nú heldur huldufólkið
úr hólum kirkju til,
í klettum inn við ána
við ísi skyggðan hyl;
jeg heyri huldukliðinn
en hvergi orðaskil.

Jeg heyri hulduklið inn
sem hljóð í sprungnum klaka,
jeg veit jeg hlýt að vaka
við þann álfasöng,
nú halda allir áfram
um elfar klakaspöng.

Er himin skrúðið skýjist
og skin á freðinn hyl
þá heyri jeg einhvern hljóða
í hál við bæjargil
sem huldukonan kalli
það kvöld mig hjálpar til.
Og huldukonan hljóðar
í hrönnum mánans kafar
í dvergahöllum drafar
í dal við fjöllin há;
í moldarhólum, hellum
er hulduglóðin blá.

Eg bíð við bæjardínar
og blíni í gilið inn
í aðisleiftar löngum
jeg leyndardóma finn
sem engin getur grafið
í gadd nje himininn, —
sem engin getur grafið,
sem guð í hjarta dáir,
og alt hið þráða þráir
og þúsund meira en alt, —
nei; æskan hún er eilíf
og ellin hennar skart.

Jeg bíð við bæjardyrnar
og blaða hárin mín
und mosavöxnum viðum
þar vökuljósið skín
í vestri eygji jeg elda
í austri fjallasýn, —

í vestri eygji jeg elda
frá Eos töfraglaðum,
sem ofan af austurhæðum
berst yfir um heiðarnar
og mánadýrðin dofnar
við dagsins logafar.

Landsbókasafninu 28 des. 1921.

Guðm. Reimann

3. Hugsjónin rætist!

Það var einu sinni stofnað fjelag; það kendi sig við vorið og kallaði sig „Vorboða" og það átti í rauninni að boða vorið, því markmið þess var að efla hvarvetna framtaksemi; reyna að bægja því illa úr vegi sínum og efla þroska og siðgæði unlinganna svo þeir yrðu staðfastari í skoðunum sínum og fylgdu að halda því fram sem þeir álíta rjett en hugsuðu ekki um það þó að það kanske bakaði þeim meiri óþægindi heldur en að taka bara við því sem að þeim væri rjett, því það er ekki skömm fyrir neinn að berjast fyrir gott málefni þó hann bíði lægra hlut fyrir hinum ríkjandi áhrifum hins illa í heiminum. Á þessum grundvelli var ~~svo~~ fjelagið stofnað með nokkrum meðlimum; en þótt tilgangurinn væri í upphafi góður urðu framkvæmdirnar ekki eins miklar og skyldi; því til þess var sundrung og flokkadrættir altof ríkjandi meðal meðlimanna, og þó einstaka tillaga væri samþykt, sem hefði getað orðið til mikills góðs fyrir fjelagið ef hún hefði náð framgangi varð engin til að hrinda henni í framkvæmd. Vorboðarnir voru ekki áhugasamari en þetta að hrinda hugsjóninni fögru í framkvæmd. Enda fór eins og við var að búast með þessu lagi; fjelögunum fækkaði óðum og eftir fáeinar ár voru aðeins eftir fáeinir ungir menn í fjelaginu. En þá fyrst sáu þeir að nú varð að hrökkva eða stökkva, og þeim þótti skömm að láta sjá að áhugaleysið og framkvæmdaleysið hefði yfirhöndina yfir þeim og þeir vildu líka láta sjá að Ísland á enn menn sem eru „þyttir á velli og þjettir í lund og trauðgóðir á raunastund" Og nú ákváðu þeir að láta sjá að þeir hefðu hug og þor til að berjast fyrir fagra hugsjón þá hugsjón sem þeir enn höfðu aðeins sjeð ljóma af en í þann ljóma höfðu þeir enn ekki náð. En nú byrjaði bardaginn fyrir alvöru og í hann lögðu þeir með eldmóð æskunnar og þeir voru fullvissir um sigur því þeir fundu að þeir voru að gera guðsvilja og ~~[illegible]~~ hreinskygna þeir báru merkið hátt.
~~[illegible]~~ og þá fyrst varð fjelagið ~~nú~~ með þessa fáu ~~menn~~ meðlimi sannarlegur „Vorboði."—

Ein 30 ár eru liðin frá því þessi fámenni hópur lagði
a út í bardagann að bjóða því illa byginni, og sjá, nú
hafa þeir ekki beðið ósigur gagnt á móti standa þeir nú
sigri hrósandi umhverfis af dýrðarljóma hugsjónarinnar
sögu sem nú er komin í framkvæmd og ánægðir yfir
hinum miklu stakkaskiftum sem þeir með dugnaði hafa
breitt í gegn innávið og útávið því munurinn er líkastur
granni jörð sem brýst út úr hinu dimma, kalda og þrönga
fangelsi vetrarins inn í bjarta hita og víðáttu sumarsins
og því fremur voru þeir ánægðir að þessi umskifti voru ekki
náttúrulögmál heldur sjálfra þeirra dugnaði og framtaksemi að þakka.
~~Og~~ Nú langar mig að nefna fáein dæmi um hvað fjelagið
starfaði helst. Þá er nú fyrst að meðlimatalan hafði marg-
faldast stórkostlega og meðal allra þeirra fanst ekki einn einasti, sem
notaði tóbak ~~og engir~~ eða þeirra bragðaði vín, blót heyrðist varla, ~~Og~~ Þessar
íþróttir voru ~~...~~ æfðar með krafti: glímur, sund, hlaup, stökk, Skauta og
skíðahlaup og auk þess hjelt fjelagið samkomur og á sumrin
fóru fjelagarnir á skemtiferðar og einnig gekkst fjelagið fyrir
mörgum líknarstörfum ~~svo sem samskotum til góðgerðafyrirtækja.~~
o.fl. og að þessum störfum unnu allir fjelagsmenn jafnt karlar

og konur allir sem einn maður, og í öllu fjelaginu fanst ekki
einn maður sem ekki gat með rjettu borið nafnið „Vorboði." ~~Falla~~ Þessu
gátu þessir fáu menn áorkað þegar allir lögðust á eitt. Eigum
við ekki að gjöra það sama? því „Hvað má höndin ein og ein
ef allir leggjum saman. P.A.

Áframhald af þessu Stl. er ritgjörðin
„Með ströndum fram" eftir B. Ó. Ármannsson

1 Arb. 1922 18 Febr

Með ströndum fram.

– Brot úr ferðasögu. –

Jaja! þá er jeg þó kominn í höpinn til ykkar aftur kæru fjelagsbræður. Kominn heim. Heim til átthaganna og æskustöðvanna. Er jeg yfir því glaður í huga. Segi jeg því til ykkar allra: Komið þið blessaðir og sælir; þökk fyrir síðast! Vænti jeg þess og vona að það sem við eigum eftir að dvelja saman, hvort sem verður lengur eða skemur, að þá mætti ylur bræðralags og samúðar treysta handtök okkar og viðkynningu, og að þrátt fyrir lausung og óheilindi yfirstandandi tíma að þá megi viðleytni okkar með fjelagsskapnum, ekki einasta verða til þess að gjöra okkur að einhverju leyti meiri menn, andlega sem líkamlega, heldur og engu síður betri drengi, þá kröfu verðum við að gjöra til starfsemi okkar í Vorboðanum, og það er áreiðanlegt að það er mest á sjálfra okkar valdi hvort svo getur orðið. Hvort U.M.F. Vorboðinn auðnast að hafa áhrif á hvort hugsanir okkar og athafnir stefna mót birtu og meira ljósi, verða ljóselskar eða hið gagnstæða yrði, að við mættum ljósfælnir álítast. Biðjum að leyfast verði okkar megin, og að einmitt höfum ástæðu til að þakka Vorboðanum það að einhverju leyti.

Þrátt fyrir þessar hugleiðingar var ætlunin ekki að „minnast" við ykkur eftir fjarveruna, með prjedikunarhreim í röddinni, því ekki varð þetta mitt lengsta ferðalag þess valdandi, að jeg yrði vakin eins og þar stendur. Jeg hafði hugsað mjer er ráðin var þessi ferð að jeg skyldi einmitt láta blaðið okkar segja ykkur ferðasöguna. En þegar jeg nú er búin að taka pennann og pappírinn og leyta eftir merkisviðburðum í huga mjer, þá finn jeg að ferðalag mitt hefir lítt sögulegt orðið, og það er ekkert sem getur rjettlætt það, að eyða pappír og bleki til þessa, annað en það að mörgum fjelagsmönnum er líkt farið sem mjer að þeir hafa ekki víðförlir verið um æfina, eru flestir heimaalningar að heita má og engir æfintýramenn. Gjörið þessvegna tæplega, eins háar kröfur til þeirra drátta og stórviðburða.

Aðalástæðan til þess að jeg skrifa nú, er þá sú að jeg vil nota flest tækifæri til þess að æfa mig í að koma skoðunum mínum í ljós skriflega í þeirri von að mjer smá fari fram. Þannig þurfum við að hafa það allir. Nota þann hæfileika sem blað okkar veitir, það ætti helst aldrei að koma fyrir að ritsmíðar vanti í blaðið. Við megum ekki vera of vandlátir við sjálfa okkur.

Þegar byrja skal ferðasöguna sje jeg það að þrátt fyrir viðburðaleysi, þá yrði oflangt mál að segja frá ferðinni báðar leiðir. Það er langur vegur, vestan úr Húnavatnssýslu austur í Múlasýslu, ekki síst þegar farið er með strandferðaskipunum, sem fara nærstum inn á hverja vík, eins og „Sterling" gjörði þegar við fórum austur. Nú vill svo til að jeg hefi getið þess helsta á austurleiðinni í sendibrjefi heim og nenni því ekki að tína neitt upp af því aftur. Læt því nægja að minnast með nokkrum orðum ferðarinnar til baka vestur.

Heiman að frá tengdaforeldrum mínum hjeldum við hjónin Laugardaginn 10. Des., eftir hjerumbil sjö vikna dvöl þar eystra. Afbragðs færi var. Rennigljá. Var okkur ekið á sleða, var ýmist farið eftir ánni, vötnum og „blánni", sem við Húnvetningar mundum kalla flár eða flóa. Um kvöldið var haldið að Eiðum, vorum við þá orðin hrakin og blaut, því mikil rigning var seinnipart dagsins. Á Eiðum er nú alþýðuskóli. Hafði verið þar búnaðarskóli nokkuð lengi, en var breytt fyrir fáum árum. Skólastjóri er fyrverandi prestur sr. Ásmundur Guðmundsson, veitti hann okkur hinn besta beina. Ekki urðum við vör hinna miklu þrengsla, sem talin eru á Eiðum, vorum við þó alla næturgestir. Skólastjóri var hinn alúðlegasti og allar líkar sem á góðum og gestrisnum bóndabæ. Enda þó dvöl okkar á Eiðum væri aðeins ein nótt, þá gafst mjer þó kostur á að

kynnast ofurlítið skólalífinu. Þar sem Laugardagskvöld var, mun hafa verið með meira móti um ýmiskonar fjölbreytni og glaðværð. Fundur var haldinn í málfundafjelagi skólans, var gestum boðið að vera á honum. Nokkrar umræður voru, málefnið sem lá fyrir þessum fundi var, íþróttir. Kennararnir voru á fundinum og tóku þátt í umræðunum. Einn kennaranna skaut inn í, er einn ræðumaður hjelt mjög fram glímunni og að aðrar þjóðir mundu veita henni mikla athygli (þá skaut kennarinn inn í): „Að aðrar þjóðir mundu engu síður hafa gaman að vel fljótum smala."

Skólastjóri hjelt ýtarlega ræðu, benti á fjölbreytni íþrótta, þær væru bæði andlegar og líkamlegar, sem andlega íþrótt nefndist hann á að temja sjer skýra og skipulega hugsun og þar af leiðandi framsetningin, hvort heldur væri munnleg eða skrifleg. Taldi vöndun móðurmálsins fyrstu andlegu íþróttina, sem öllum bæri mikið kapp á að efla.

Til líkamlegra íþrótta taldi hann meðal annars reiðmensku, að temja hesta, taldi einstöku menn vera sanna íþróttamenn á því sviði. Í því tilefni datt mjer í hug alkunna vísan, eftir Jón heitinn Ásgeirsson:

Það er mas úr þjer vinur

þetta: „Hjeltir dettur!"
Aldrei rasar reiðhestur
ef rjett á sprett er settur.

Jón heitinn var, sem kunnugt er íþróttamaður í þessari grein.

Skólastjóri mintist og á íslensku glímuna, taldi hana vera þá líkamlegu íþrótt, er hann hefði mestar mætur á og væri einmitt sjerstakt atvik því valdandi, og var það á þessa leið: „Fyrir nokkrum árum var hann staddur í Kaupmannahöfn í leikhúsi eða öðrum almennum skemtistað. Með öðru er til skemtunar skyldi vera, var það, að sýnd skyldi íslensk glíma. Var það Jóhannes Jósefsson glímukappi, sem ætlaði að þreyta við blámann frá Afríku. Það fór spenningur um áhorfendurna, þegar þessi jötun „digur sem naut og blár sem Hel", óð að meðalmanninum er virtist vera. En – á einni einustu mínútu hafði sá „brögðótti" Íslendingur, skelt berserknum þrisvar marflötum á gólfið. „Þá svikumst við ekki", sagði skólastjóri, „~~þessir~~ hinir fáu viðstöddu Íslendingar um að klappa, svo sem okkar veiku kraftar leifðu;" og fögnuður „landanna" fann samúð meðal fjöldans, svo húsið undir tók af lófaskellum og fagnaðar~~látum~~ ópum, þegar berserkurinn var að velli lagður". Þennan viðburð taldi hann aðalástæðu til þess, að hann hjeldi mest uppá glímuna. Lýsti hann

því yfir, að ef hann yrði nokkurs ráðandi þar á Eiðum, þegar stórhýsi það yrði komið upp, sem nú er í undirbúningi að byggja, að þá skyldi hann hlutast til um að glímunni yrði sem mestur sómi sýndur þar á skólanum. Hann kvað Íslendinga eiga sjerstaklega eina góða fyrirmynd í íþróttum en það væri Gunnar á Hlíðarenda.
Að afloknum umræðunum lásu þrír nemendur upp sögu og tvö kvæði, var annað „Eldabuskan" eftir Jak. Thor. Nokkru eftir fundinn safnaðist fjöldinn af fólki staðarins saman í fundarsalnum og hlýddi á lesturinn. Skólastjóri las kafla úr Biblíunni, og sungnir voru sálmar bæði á undan og eftir og spilað undir á orgel. Er þetta föst venja, að „lesið" er á hverjum degi. Sögðu nemendur að skólastjóra þætti mikið miður ef nemendur vanræktu að hlýða á lesturinn, enda kæmi það ekki oft fyrir. Eftir þetta skemtu nemendur sjer við söng og samræður fram yfir venjulegan háttatíma, hugsuðu sjer að vinna það upp daginn eftir, sem var sunnudagur. — Á Eiðum hefir verið tekin upp sú nýbreytni að við og við les einn upphátt fyrir alla, sögur og ýmislegt, en hinir hlýða á og starfa að einhverju í höndunum. Nefna þeir þetta „Vökur". — Yfir höfuð geðjaðist mjer vel að skólalífinu á Eiðum, það litla jeg gat kynst því. Ímynda mjer að samlíf milli nemenda og kennara sje mjög gott, kennarar umgangast nemendur mikið, taka þátt í fjelagslífi skólans, hafa sameiginlegt mötuneyti o. þ. h., sem alt miðar til þess að varna því að kennarar og nemendur fjarlægist um of hvorir aðra, eins og svo oft mun vilja verða áhrifum skólanna til baga. Jeg gæti trúað að á Eiðum sje ríkjandi sannur og góður heimilisbragur.
Aðsóknin að skólanum kvað vera mjög mikil, síðan honum var breytt í Alþýðuskóla. Tvö síðustu árin höfðu sótt helmingi fleiri um inngöngu en húsrúm leyfði, varð því að vísa frá um 40 hvert ár. En bráðlega verður ráðin bót á þessu, þar sem bygt verður á komandi sumri mjög stórt hús til viðbótar þeim sem nú eru, á það að verða úr steini, til dæmis um stærð þess, má geta þess að búist er við að flutningurinn á mölinni í steypuna muni kosta um Kr. 9000,00 eru þó ekki mjög erfiðir aðdrættir.
Nemendur á Eiðum eru víðsvegar að af landinu, þó vitanlega sje meirihlutinn af Austurlandi. — Verði skólinn svo heppinn að hafa góðum kenslukröftum yfir að ráða, þá er enginn vafi á því, að Eiðar verða í framtíðinni, hjartfólgnasti staður Austurlands.
Frá Eiðum mætti vænta þess að nýtt og heilnæmt lífsloft streymi út um bygðir Austurlands og víðar.
Snemma á sunnudagsmorguninn lögðum við af stað. Var

ferðinni heilið sama dag til Seyðisfjarðar og fórum við svokallaða Vestdalsheiði, sem er skemsta leið af út-Hjeraðinu. Er það slæmur fjallvegur og ýðulega ófær með hesta sökum fannþyngsla en við vorum svo heppin að heita mátti snjólaust, aðeins örlítið föl, rjett til mýktar við fótinn, sömuleiðis var besta veður svo ekki var hægt að segja annað en lánið ljeki við okkur, jeg hafði kvíðið fyrir því ef slæmt færi yrði komið og jafnvel vont veður, þegar við færum „ofanyfir," eins og þeir komast að orði þar eystra. Þegar Vestdalsheiði er ófær, verður að fara inn á Fjarðarheiði og er það mikill krókur. Báðar þessar leiðir eru tvær af mörgum fjallvegum, sem liggja af Fljótsdalshjeraði gegnum Austfjarða-hálendið til Austfjarðanna, þessar báðar til Seyðisfjarðar. Þegar farin er Fjarðarheiði þá er komið ofan í dalbotninn, sem liggur inn af Seyðisfirðinum, en þegar farin er Vestdalsheiði, þá er komið ofan í svokallaðan Vestdal, sem er þverdalur er liggur upp frá Seyðisfirðinum, innantil að norðanverðu. Þegar farin er Vestdalsheiði, liggur leiðin fyrst, eftir að bygðinni sleppir, um svokallaðan Gilsárdal, er það mjög langur ~~og~~ en grunnur hálendis-dalur, með fullkomnum óbygðarsvip. Ofarlega í dalnum sáum við 4 kindur, sem auðsjáanlega ~~kunnu~~ kunnu vel frelsinu og góðu tíðinni.

Mjer datt í hug, hvort ekki mundu hafa skolist hjá í eftir-leytinni heima ein eða tvær rollur og höfðust nú við í rósemi í Botnunum eða annarstaðar í afrjettinni okkar. Eftir að Gilsárdal sleppir tekur við heiðin og er hún stutt, hún er einnig dalverpi, en liggur þverara í áttina til Seyðisfjarðar, eftir háheiðinni liggur vatn og förum við eftir því á kafla. Þegar heiðin er á enda, tekur að halla undan fæti ofan í Vestdalinn. Dalurinn er stuttur, en hæðin ofan af heiðinni er mikil, er því mjög bratt ofan í dalinn, hver snarbrött brekkan af annari, liggur vegurinn um brekkurnar í ótal krókum, er það hreint ekki hugguleg vegur fyrir klifjahesta, sem þó fjöldi Hjeraðs-búa verða að sætta sig við. Af Seyðisfirði og upp á heiðarbrúnina er talin tveggja tíma lestagangur, er það þó ekki langur vegur, en það verður að fara gætilega upp slíkan bratta. En við höfðum ekki mikið af þessum bratta að segja, til erfiðleika, undan-haldið er oftast notalegt, helst að gæta varúðar harðfennið í sumum brekkunum.

Í rökkursbyrjun komum við til Seyðisfjarðar, var þá staðurinn allur ~~upp~~ uppljómaður af ljósum, því ekki eru þeir að „liggja sig í rökkrinu", til þess að spara rafljósin Seyðfirðingar.

Við höfðum því miður stutta viðdvöl á Seyðisfirði, Goðafoss sem við áttum með, kom þangað skömmu á eftir okkur og fór aftur um nóttina. Þar hitti jeg einn gamlan sveitunga minn og frænda, Einar Blandon sýsluskrifara, sendi jeg honum skeyti að finna mig þangað sem jeg dvaldi. Var hann hinn hreyfasti, bauð mjer að koma með sjer og sjá hvernig hann byggi. Sat jeg lengi hjá honum við hinar bestu veitingar er gáfu mjer til kynna að reynst höfðu helst til gloppótt innflutnings-höftin frá síðasta þingi, eða þá að undanþágur hefðu verið veittar um of. Ekki spillti það úr dvölinni hjá Blandon, að settur sýslumaður og bæjarfógeti Jón Þ. Tryggvason kom inn til hans og sat þar lengi við salgalisstallinn með okkur. Er hann settur í stað Ara Arnalds, meðan hann er á ferðalagi sínu. Jón þessi er bóndi norðan af Hólsfjöllum, en er lögfræðingur að mentun.

Vegna hinnar stuttu viðstöðu gat jeg ekkert teljandi sjeð mig um. Blandon sýndi mjer barna- og unglingaskólann, er það mikil bygging, þar er aðalsamkomustaður bæjarins, hafði verið þar nýlega einhver fundur eða samkoma og voru þeir skreyttir blómsveigum og ýmsu skrauti. Þar eru stækkaðar myndir af öllum bæjarfógetum staðarins og bæjarfulltrúum, vitanlega mjög smekklega fyrirkomið. Að síðustu fylgdi Blandon ásamt nokkrum kunningjum konu minnar, okkur um borð í Goðafoss. Hugsuðum við óneitanlega betur til að dvelja á honum en Sterling, en því miður var mjög þrángt á öðru farrými, svá því fyrsta var að sögn tveir farþegar. Af því annað farrými er sæmilega gott en á fyrsta farrými svo óheyrilega dýrt að vera, þá fyllist annað farrými fyrst. Það er ekki nema fyrir þá sem hafa komist inn á Ríkissjóðinn á einhvern hátt, að lifa með höfðingjunum á fyrsta farrými.

Þegar við vöknuðum morguninn eftir vorum við komnir norður á móts við Vopnafjörð og innan skams var farið yfir Langanes-röstina, var þá svo gott veður og gott í sjóinn að skipið ruggaði lítið sem ekki yfir röstina. Nokkru seinna fór jeg á fætur og sá jeg þá Langanesið vera að hverfa að baki skipsins. Þegar komið var norður af Sljettunni, þá skall á blindhríðarbylur á norðvestan, versnaði þá mjög í sjóinn, það svo að sjókappinn jeg, stóðst ekki málið, heldur gubbaði tvisvar sinnum og síðan ekki söguna meir, var þetta í það eina sinn, sem jeg átti við þann skolla á öllu ferðalaginu, bæði austur og vestur, en nokkrum sinnum ásótti ógleði mig oftar, en jeg hafði hana

úr mjer með því að lyggja grafkyr og marflatur afturábak í rúminu, og kveða við raust. Þá var nú sönglistin í hávegum! Jeg hafði, nú haft óljósan grun um hafileika mína á þessu sviði, en að þeir voru svona hagnýtir, hafði jeg ekki gjört mjer ljóst fyr en þetta.

Gullfoss átti hvergi að koma fyr en á Húsavík, var með talsvert af vörum þangað, en eftir að blindhríðina gjörði, fóru menn að geta sjer til, að hann mundi ekki leggja inn til Húsavíkur að svo stöddu, heldur halda beint til Akureyrar, fara svo til Húsavíkur þegar veðrinu slotaði. Var slíkt hringl ekki neitt skemtilegt tilhugsunarefni. Menn gátu sjer þessa til, en vissu náttúrlega ekki neitt um það með vissu, yfirmenn skipanna eru ekki að segja farþegum frá fyrirætlunum sínum. Undir kvöld kom sú fregn og var höfð eftir mönnum nákunnugum á þessum slóðum, að komið væri fram hjá Húsavík og jafnvel að bráðlega yrði farið að beygja inn á Eyjafjörð, en skömmu síðar er þetta leiðrjett með því að skipið kastar akkerum og þegar að er gætt, þá sjást ljósin á Húsavík, þótti okkur það mikið betur. Undir morgun var farið að sinna skipinu og gekk það allan daginn fram til myrkurs.

Matarlistin á skipinu hjá þeim, sem óvanir eru farmensku er nú svona upp og ofan. Áreiðanlegt er það að sveitamaðurinn saknar vökumaríunnar og þykir fátt betra en ef hann getur með einhverjum ráðum náð sjer út mjólk á flösku hjá einhverjum uppskipunarkarlinum eða fyrir hans milligöngu, og þegar farþegar fara í land alfarnir af skipinu, þá eru ótal um einn að leita um útvegun á mjólk o. fl.

Á Húsavík fóru menn í land sem lofuðu öllu fögru um útvegi fyrir okkur, sem eftir urðum, en dagurinn leið fram undir kvöld og ekki komu efndirnar, svo flestir voru orðnir vonlausir um að geta bætt sjer í munni með nýmjólkursopa þann daginn. En „þegar neyðin er stærst, er hjálpin næst". Einn reglulegur mjólkursali er reyndar kominn um borð! Þá vantar ekki eftirspurnina, þó nýmjólkurpotturinn kosti ekki nema Kr. 1.25, þá fengu færri en vildu; svo sá snáði varð að lofa að koma aftur með farm áður en skipið legði af stað. Hann hafði líka sýru og hún er nú góð við þorsta segja státtumennirnir og smalarnir, og alt var þetta svo einstaklega „skikkilegt". Pelinn af sýrunni 20 aura. Fjórar ofursmáar ýsusneypur miður vel hertar Kr. 3,00 og annað eftir því, en

hvað sem okri karls þessa leið, þá þótti okkur hann þó hinn mesti aufúsugestur.

Til Akureyrar komum við skömmu eftir háttatíma á þriðjudagskvöldið. Þegar við komum á fætur á mitviku-dagsmorguninn, var alt orðið fult af bæjarbúunum, og tekið til óspiltra málanna að afferma skipið. Kunningjar og ættmenn komu til þess að taka á móti þeim er von var á hafði verið á með skipinu. Allir farþegar, hversu illa sem þeir höfðu verið haldnir af sjóveikinni, drifu sig á fætur og bjuggust bestu spjörunum, áður gengið skyldi í borgina, en betra var að hafa peningapyngjuna með sjer, ef í búðirnar átti að koma, því ekki er varningurinn á Akureyri gefnari en gjörist og gengur. Það sem mig undraði einna mest á Akureyri var það, hve mikið er verslað, alstaðar eru sölu-búðirnar og í flestum var að mjer virtist mikil ös, þetta mun hafa verið nokkuð frekar af því svo skamt var til jólanna, fólk því verið að kaupa ýmislegt, þeim til undir-búnings. Ekki munu kaupstaðadrósirnar bera sig frekar um að lenda í „Jólakettinum" en heimasæturnar okkar í sveitunum.

Á Akureyri hitti jeg Jóhann bróður minn, Ljet hann lítt bera á sjer, langaði hann mjög mikið til að verða samferða heim og vera heima um hátíðarnar, en það gat auðvitað ekki gengið, þar sem engin skipsferð fjell á hentugum tíma til baka aftur. Hann bað mig bera ykkur öllum bestu kveðju sína, gjörði ráð fyrir að senda Vorbátnum línu við tækifæri.

Fyrir milligöngu Jóhanns, sýndi Guðmundur kennari Bárðarson mjer náttúrugripasafn Gagnfræðaskólans, var þar margt að sjá, bæði fjölt og fallegt. Guðmundur kvartaði yfir þeirri óreglu, sem hann hvað vera á safninu, niðurröðun, skrá-setningu, hvaðan gripirnir væru o.s. frv., kvaðst hann þegar vera byrjaður að færa það í lag, en sagði að það væri mjög mikið verk ef fullnægjandi ætti að verða. Hugsa mjer gott til kenslukrafta Guðmundar ef skólinn fengi að njóta þeirra, er hann talinn mjög vel að sjer og áhugasamur um náttúru-fræðileg efni.

Eftir þriggja daga dvöl lagði Goðafoss af stað frá Akureyri, ætlaði að fara degi fyr, en þá risu nemendur Gagnfræðaskólans upp og hótuðu að klaga, því brottferðartími var ekki fyr en kl. 12, kvöldið sem hann fór. Að nemendur Gagnfræðaskólans gjörðu sjer svo hugleikið að skipið færi ekki fyr, kom til af

því, að nokkrir þeirra ætluðu með því til Ísafjarðar, en vildu ekki sleppa af námi fyr en í síðustu lög.

Á Siglufirði var lítil viðstaða, þaðan var haldið áleiðis til Sauðárkróks, þá var töluverð mikil hríð. Þegar kom inn hjá Hofsós lagðist skipið og var búist við að það færi ekki lengra um kvöldið vegna dimmviðris. Þótt skipið hefði ekki ætlað að koma þar, þá urðum við þess vör að menn komu úr landi og sumir gátu þess til að karlarnir væru að sækja sjer á jólapelann.

Um klukkan tvö og hálf aðfaranótt sunnudags vöknuðum við, við öskrið í Goðafoss er hann var að vekja Sauðárkróksbúa. Rak hann alltápyrmilega á eftir, varð það ástæða til þess, að þeir, sem fyrstir komu úr landi urðu allgleiðir, er stóð á afgreiðslu hjá skipsmönnum „Betra að öskra meira". Eftir mikið þjark fengum við loksins far í land með hálffullum karli, fórum við þegar og röktum upp á veitinga-húsinu „Tindastóll". Var þar þá fyrir einn af fjelögum okkar, sem hefir sjer það með öðru til ágætis að vera duglegur ferðamaður, var hann sendur eftir okkur.

Hjeldum við eftir nokkura dvöl áleiðis heim ~~to~~ á leið og fórum fram á Stóra-Vatnsskarð og komum hingað heim á vökunni mánudagskvöldið 19 Desember. Var þá ferðalag þetta á enda og þar með sögunni lokið.

Bjarni Ó. Finnannsson